

Bréfkafar af Norðurlandi

HÉR skeður aldrei neitt segjum við stundum sveitamenningar, ef við erum spurðir fréttu og víst er um það, að á heimsmælikvarða eru viðburðir íslenskra sveita smáir, en samt er alltaf eitthvað að gerast, ljós og skuggar skiptast á.

Tíðarfar og veðurlag hefir löng um verið algennt umræðuefni Íslendinga og er þó af sumum talið lítið gáfulegt spjall. Þó er það svo að fátt eða ekkert hefir meiri áhrif á daglegt líf og afkomu meginþorra þjóðarinnar en einmitt veðrið. Veturinn, sem er að líða hefir verið okkur Norðlendingum töluvert erfiður og einkanlega þó verri eftir því sem austur dregur. Samt er að heyra að fódurbingir séu allgóðar og muni duga vel ef eigi verða sérstök vorharðindi. Gleðilegt er það ef fódurrið reynist nóg en vel megum við muna að sl. sumar var óvenjugjöfult og hey frá því mikil og góð. Enn þarf því að herða róðurinn svo við verðum færir um að taka hörkuvetri eftir meðalsumar.

Ýmsir atburðir verða þó til að lífga upp á tilbreytingarleysi daganna. Svo var í vetur er bæjar- og sveitarstjórnarkosningar fóru fram í kaupstöðum og kaupsýnum. Þá var fylgt með umræðum og svo úrslitum þegar þau komu. Býsn mikil þóttu þegar Framsóknarliðið afneitaði Hannesi Pálssyni í umræðum þessum og kallaði hann bara borgara. Minnir þetta óþægilega á atburði löngu liðins tíma þótt ólíkir séu, tímarnir þá og nú. Síðan hefir Hannes reynt að rétta hluta sinn með bókaútgáfu og blaðaskrifum og virðist orðinn ískyggilega völdugur á vissum stöðum, þar sem hann lætur liggja að, að Jón Pálmason og aðrir þeir, sem styðji Sjálfstæðisflokkinn, eigi vísa vist í verri staðnum hinum megin, bæti þeir ekki ráð sitt hið snarasta.

Ög fyrst farið er að tala um stjórnmál og blaðaskrif. Mikið er Tíminn orðinn ergilegur í skapi. Nú er hann búinn að „úrskurða“ a. m. k. 42% þjóðarinnar „nazista“ eða áhangendur þeirra. —

Stundum segir hann svo þennan sama hóp líkjast Suður-Ameríku „gangsterum“, dettur sumum í hug að ónefndur ferðalangur hafi verið fenginn til að gera óvillhallan samanburð en óvíst er þó allt um það. En sízt er furða þótt frómar sálir sé farið að dreyma um að losa landið við eitthvað af þessum ófögnuði jafnvel þó „spandera“ þurfi til þess skoti einu eða fleirum.

Ög svo er það fréttaritunin til útlanda. Svo ósvífir eru íslenskir fréttaritarar erlendra blaða að þeir bera hvorki undir Framsókn né Tímans skeyti sem þeir senda úr landi. Þetta er þeim mun háskalegra þar sem búast má við að þeir segi yfirleitt rétt frá öllu. Vísast verður stjórinn að koma á ritskoðun, a. m. k. skeyta- og póstskoðun.

Þá er einnig ergelsisefni fyrir Tímans að Sjálfstæðisflokkurinn skuli hafa valið fálkann að flokksmerki og kallar hann jafnvel hræfugl. Vafalaust hefir Tíminn góðum dýrafræðingum á að skipa, enda mun það koma sér vel í þeim herbúðum. Skilgreining hans á tegundinni má því víst ekki efa, en meinbægni er hitt að amast við að flokkur taki sér merki. Ekki myndu Sjálfstæðismenn hafa neitt við að athuga þótt Framsókn tæki sér að flokksmerki slöngu eða kamefljón. — Hið síðara væri sannarlega táknrænt fyrir mið-vinstri-flokkinn.

Nokkra athygli vekur ádrepa sú sem Halldór Kristjánsson sendir Lárusi Gíslasyni í Tímanum. Telur Halldór Lárus lítill fallinn til formennsku í skattaneft, þar sem hann telji búfé of hátt metið til skatts og færir þær röksemdir fyrir réttlátu mati að fódurbingir frá áramótum séu taldar með í mati búfjár.

Vafalaust er það rétt hjá Halldóri að þetta er sú hugsun, sem til grundvallar liggur bak við matið, en er nú alveg víst að hún sé sú eina rétta? Skal það athugað nánar.

Hey og aðrar fódurvörur eru a. m. k. sérstaks eðlis sem eign.

eigi á annað borð að færa þær þannig á skýrslur. Fóðri er eytt daglega til að halda lífi í búfé, sem á sínum tíma á að gefa arð. Sá arður er svo skattlagður og sú eign, sem af honum myndast, sé um tekjufangang að ræða. Nú er það svo að hey er ógöldið kaup bóndans þangað til hann fær arðinn af búi sínu og auk vinnu sem hann hefir sjálfur lagt í búfið. Verður hann að inna af höndum margháttaðar greiðslur áður en kaupði kemur honum í hendur, og er hér einkanlega miðað við fjárbú þó að nokkru komi hið sama út með kýrnar. Þarna er því verið að skattleggja fyrirfram og jafnvel tvískatta og munu fáir telja sanngirni, enda ekki lengra gengið gagnvart launastéttum en að draga skatta frá kaupum jafnóðum og það greiðist. Mjög er því vafasamt að meta búfé herra um áramót en niðurlagsverð á hausti segir til. Arður og eignaauci kemur svo fram á næsta ári.

En hitt að Lárus Gíslason og aðrir skattaneftarmenn megi engar skoðanir hafa á málefnum og meðferð þeirra, utan þær sömu og yfirmenn þeirra, er regla, sem gilt gæti austan jarntjalds en tæplega vestan, þar sem skoðanaeinokun er ekki komin á. En skyldi það vera tilviljun að slíkt spjall birtist í Tímanum og er ritað af háttsettum Framsóknarmanni.

Búnaðarþing hefir setið á rökstólum. Mörg merkileg mál voru þar rædd, svo sem búnaðarháskóli, jarðvegsrannsóknir og margt fleira. Er mikið undir því komið hversu þau mál ráðast, sem og öll þau mál sem heyra undir vísinda- og tilraunastörf í þágu atvinnuveganna. Verði þau sem giftudrýgst. Hitt sætir furðu að langar orðræður verði um jafn sjálfsgöðan hlut og árleg þrífaböð á sauðfé. Þá mun og varla verða almenn ánægja ef knýja á búfjáreigendur til að lóga hverju einasta sláturdýri í sláturhúsum, því tæplega yrði mikill afgangur af verði sumra þeirra þegar sláturskostnaður væri greiddur.

H. J.

Sýning Ásgerðar og Benedikts

Ásgerður Ester Búadóttir er mikill vefari. Það sanna þau verk, er hún hefur valið til sýningar að þessu sinni. Einnig sannar hún okkur áþreifanlega, að gömul íþrótt getur haldist síung og lifandi, ef vel er á haldið. Það er



ari enn sem komið er, en ég held samt, að þetta efni hafi ekki þá möguleika, sem Benedikt gerir sér vonir um.

Þegar Benedikt notar smá form og spilandi línur, nær hann í verk sín hrynjandi, sem er listræn og persónuleg. Óneitanlega saknar maður þess, að hann skuli ekki hafa unnið í betra efni en raun ber vitni, og vonandi gefst honum tækifæri til að útfæra sumar þessar hugmyndir í stærri og veigameiri verk í steint gler. Hér er gott tækifæri fyrir þá söfnuði, sem nú standa í kirkjubyggingum til að fá skreytingar í sín nýju guðshús. Persónulega er ég hrifnari af þeim krossum og Kristsmýndum, sem Benedikt sýnir þarna, en því, sem hann hefur unnið í hreinum abstrakti formum, og ég efa ekki, að Benedikt er þeim vanda fyllilega vaxinn að gera veigamikil verk í steint gler. Hann sannar með þessari sýningu, að hæfileikar hans stefna ákveðið í þá átt.

Óvenjuleg sýning, sem óhætt er að mæla með í Sýningarsalnum við Hverfisgötu.

Valtýr Pétursson.

Árþing UMSK

35. ÞING Ungmennasambands Kjalarnesþings var haldið að Hlégarði í Mosfellssveit dagana 1. og 2. marz sl. Formaður sambandsins, Armann Pétursson, setti þingið og bauð gesti og fulltrúa velkomna. Gestir þingsins voru þeir Ben. G. Waage, forseti ISI, Skúli Þorsteinsson, framkvstj. UMFÍ, og Stefán Ól. Jónsson, leiðbeinandi UMFÍ í starfsíþróttum.

Forsetar þingsins voru kjörnir Lárus Halldórsson, Njáll Guðmundsson og Páll Ólafsson, en þingritarar þeir Gestur Guðmundsson og Steinar Ólafsson. Þingið sóttu 26 fulltrúar frá sambandsfélögunum fimm.

Formaður sambandsins flutti ýtarlega skýrslu um störf sambandsins á liðnu starfsári og voru þau fjölbreytt og vaxandi á árinu. Endurskoðaðir reikningar sambandsins voru lagðir fram og samþykktir.

Sambandið efndi til héraðsmóta í frjálsum íþróttum, knattspyrnu, skák, bridge og starfsíþróttum. Þá sendi UMSK fjölda íþróttamanna til landsmóts UMFÍ á Þingvöllum sl. vor, þar á meðal knattspyrnulið og handknattleikslið kvenna, sem sigraði glæsilega á landsmótinu. Er það í þriðja sinn í röð, sem stúlkur frá UMSK vinna handknattleikskeppni á landsmótum UMFÍ. — Sambandið aðstoðaði félögin við kennslu og þjálfun í íþróttum og þjóðdönsum. Þá tók sambandið að sér að halda víðavangshlaup meistaramóts Íslands og fór það fram í Mosfellssveit.

Undirbúningur er nú hafinn að því að skrá sögu UMSK og er ætlunin að því verki verði lokið á 40 ára afmæli sambandsins árið 1962.

Mörg önnur félagsmál er varða félögin og sambandið eru í athugun og bíða framkvæmda. Margar ályktanir voru gerðar á þinginu, m. a. um íþróttir, starfsíþróttir, skógrækt, bindindismál, íþróttaför til Færeyja, fræðslumál, handritamálið o. fl.

Stjórn sambandsins var öll endurkjörin, en hana skipa: Armann Pétursson formaður, Gunnar Sigurðsson varaformaður, Páll Ólafsson, Gestur Guðmundsson og Steinar Ólafsson.

Sambandsþingið var haldið í boði umf. Aftureldingar í Mosfellssveit, er bauð þingfulltrúum, að loknum þingstörfum, að sjá sjónleikinn „Grænu lyftuna“, sem leikflokkur félagsins hefur haft sýningar á undanfarið. Færir stjórn sambandsins umf. Aftureldingu þakki sínar og þingfulltrúanna fyrir rausnarlegar og ágætis móttökur.

Fyrsta sending af

strigaskóm frá Finnlandi tekin upp í fyrramálið

Kvenskór

stærðir: 34—40

Fjórir litir



Barnaskór

stærðir: 21—27

Þrír litir



Skóbúð Austurbæjar

Laugavegi 100 — Sími 19290